

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 214/1981. **Ragnar Tómasson**

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík.**

Útivistardómur. Ómaksbætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Tómasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 300.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 23/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Guðmundi Gunnari Péturssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en eigi áfrýjað af hálfu ákærvalds.

Ákærði krefst þess að verða sýknaður af kröfum ákærvalds og að allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir

Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn, þ. á m. endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af dómprófum, sem fram fóru 23. október 1981. Kom þá fyrir dóm Hörður Þór Hafsteinsson lögreglumaður og bar vætti, en hann var einn þeirra lögreglumanna, sem að handtöku ákærða stóðu. Kvaðst Hörður Þór muna eftir málsatvikum, en þó mjög óljóst. Kvaðst hann minnst þess, að bifreið þeirri, er þeir lögreglumennirnir veittu eftirför, hefði verið ekið inn í Fífusel og þá hafi þeir lögreglumennirnir misst sjónar á henni augnablik. Ekki sagðist hann muna eftir því að hafa séð ákærða stíga út úr Trabant bifreiðinni, enda ekki séð hann, fyrr en hinir lögreglumennirnir komu með hann að lögreglubifreiðinni. Þá kvað hann kveikjuláslykil Trabant bifreiðarinnar ekki hafa fundist þrátt fyrir leit þarna við bifreiðina.

Einnig kom fyrir sakadóm í greindu þinghaldi vitnið Jón Svanur Pétursson leiktjaldamálari, Fífuseli 9 hér í borg. Hann kvaðst þekkja ákærða, sem kvæntur væri systur hans. Jón Svanur kvaðst muna eftir því, að lögreglumaður hefði hringt heim til hans í febrúarmánuði 1980 og innt hann eftir því, hvort ákærði hefði verið hjá honum þá um kvöldið. Hann hafi svarað því til, að ákærði hefði ekki komið í heimsókn til hans. Kvaðst Jón Svanur hafa komið heim til sín þetta kvöld á miðnætti og öruggt væri, að eftir þann tíma hefði ákærði ekki komið heim til hans. Þá hafi aðrir heimamenn ekki minnst á, að ákærði hefði komið í heimsókn þetta kvöld.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Gunnar Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt upphaflegri lögregluskýrslu Rúnars Sigurpálssonar lögreglumanns var ákærði leiddur fyrir Gylfa Jónsson varðstjóra og yfirheyrður af honum. Engin varðstjóraskýrsla liggur fyrir í málinu og varðstjórinn hefur hvorki gefið skýrslu fyrir dómi né rannsóknardeild lögreglu. Af skýrslu Rúnars Sigurpálssonar verður ekki ráðið með vissu, hvort frásögn af orðaskiptum milli varðstjórans og ákærða sé byggð á eigin skynjun eða sögusögn.

Samkvæmt ósk ríkissaksóknara var háð framhaldsrannsókn í málinu í októbermánuði 1981. Kom þá í fyrsta sinn fyrir dóm í máli þessu lögreglumaðurinn Hörður Þór Hafsteinsson, en hann var einn þriggja lögreglumanna, er stóðu að eftirför og síðar handtöku ákærða. Þetta vitni kveður einn þeirra félaga hafa veitt athygli bifreið, sem hann taldi, að ákærði æki, en hann hafi þá verið sviptur ökuréttindum. Vitnið sá ekki ákærða, fyrr en hinir lögreglumennirnir komu með hann. Vitnið kveðst ekki muna eftir

því „að hafa séð ákærða stíga út úr Trabantbifreiðinni“. Sama vitni kveður þá lögreglumennina hafa „misst sjónar á bifreiðinni augnablik,“ meðan á eftirförinni stóð.

Frásögn ákærða um, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni R 64343 um klukkan 0100 aðfaranótt 12. febrúar 1980, er með nokkrum ólíkindum. Framburðir tveggja lögreglumanna um, að þeir hafi séð ákærða stíga út úr bifreiðinni á bifreiðastæði við Fífusel gera neitun ákærða mjög tortryggilega. Þegar það er hins vegar haft í huga, að þriðji lögreglumaðurinn í hópnunum sá ákærða ekki stíga út úr bifreiðinni, þó að telja verði, að hann hafi haft sömu aðstöðu til þess að fylgjast með ferðum ákærða og hinir lögreglumennirnir höfðu, að ekki sést, að nein tilraun hafi verið gerð til þess að rannsaka þetta atriði nánar með tilliti til þess, hvort um missýn gæti verið að ræða, er lögreglubifreið var ekið í náttmyrkri um stórt — líklega þéttskipað bílastæði, en full ástæða var til slíkrar rannsóknar vegna neitunar ákærða, að samkvæmt framburði Harðar Þórs Hafsteinssonar var eftirförin ekki alveg samfelld, að lögreglunni láðist að athuga, hvort bifreið ákærða væri heit eftir akstur, að lögreglunni láðist að rannsaka til hlítar, hvar kveikjulaslyklar bifreiðarinnar væru niður komnir og að lögreglunni láðist að athuga, hvort aðrar bifreiðar sömu tegundar og líkar útlits væru á bifreiðastæði því, sem eftirförinni lauk á, svo og það, að vætti Jóns Hauks Jenssonar styður framburð ákærða, þykir vera svo mikill vafi í máli þessu, að óheimilt sé gegn eindregnum og staðföstum neitunum ákærða að sakfella hann samkvæmt framburðum þeim, sem að framan greinir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héræði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 3.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Gunnar Pétursson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 3.500.00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. nóvember 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 5. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 526/1980. Ákærvaldið gegn Guðmundi Gunnari Péturssyni, sem tekið var til dóms þann 30. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. júlí sl., á hendur ákærða, Guðmundi Gunnari Péturssyni, Fífuseli 41 í Reykjavík, fæddum 22. janúar 1952, „fyrir að aka þriðjudaginn 12. febrúar 1980, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni R 64343 austur Breiðholtsbraut, eftir Seljabraut og Flúðaseli og Fífuseli, þar sem aksturinn var stöðvaður við húsið nr. 41.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Þriðjudaginn 12. febrúar sl., um kl. 0105, veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R 64343, sem ekið var austur Breiðholtsbraut og beygt inn á Seljabraut. Var bifreiðinni veitt eftirför um Seljabraut, Flúðasel og Fífusel, þar sem aksturinn var stöðvaður við hús nr. 41. Að sögn lögreglumannanna hljóp öku maðurinn úr bifreiðinni og var kominn 3—4 metra frá henni, þegar hann var handtekinn. Segir í skýrslunni, að lögreglumennirnir hafi aldrei misst sjónar af ökumanni. Var ákærði færður fyrir varðstjóra, og kvaðst ákærði ekki hafa ekið bifreiðinni. Kvaðst hann hafa verið að koma frá kunningja sínum Jóni Svani Péturssyni, Fífuseli 9. Hafði varðstjóri símasamband við Jón, en hann kannaðist ekki við að hafa fengið ákærða í heimsókn.

Ákærði skýrði þannig frá hjá rannsóknardeild lögreglunnar

í Reykjavík þann 28. maí sl. og fyrir dómi þann 23. júní og 25. júlí sl., að hann hefði verið að koma frá kunningja sínum Jóni Hauki Jenssyni, sem búi í „Bökkunum“ í Breiðholti. Kvaðst ákærði hafa gengið þaðan og ekki hafa ekið bifreið sinni né vita til þess, að hún hafi verið í notkun skömmu áður en þetta gerðist. Ákærði kvaðst ekki kannast við Jón Svan Pétursson.

Vitnið Rúnar Geir Sigurpálsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 28. maí sl. og kom fyrir dóm þann 31. júlí sl. Vitnið staðfesti, að það hefði séð ákærða stíga út úr bifreiðinni eftir að hafa ekið henni. Vitnið kvaðst ekk hafa séð framan í ökumann bifreiðarinnar, en kvaðst vera visst um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni, þar sem það hafi séð ákærða stíga út úr henni. Vitnið kvað ákærða hafa verið inntan eftir því, hvort hann væri með kveikjulaslykla bifreiðarinnar í fórum sínum, en ákærði hafi kveðið svo ekki vera. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort líkamsleit var gerð á ákærða, en mundi þó, að leit var gerð að lyklum í bifreiðinni og í kringum hana. Vitnið kvað ekki hafa verið kannað, hvort vél bifreiðar ákærða hefði verið heit.

Vitnið Jón Friðrik Bjartmarz lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 20. maí sl. og kom fyrir dóm þann 31. júlí sl. Vitnið skýrði frá atvikum á sama hátt og vitnið Rúnar Geir Sigurpálsson og kvaðst vera visst um að hafa séð ákærða stíga út úr bifreiðinni eftir að hafa ekið henni.

Þann 14. október sl. kom fyrir dóminn sem vitni Jón Haukur Jensson aðstoðarmaður, til heimilis að Jörfabakka 30, fæddur 11. janúar 1958 í Reykjavík. Vitnið kvaðst muna eftir því, að ákærði kom á heimili vitnisins umrætt kvöld, og var ákærði ekki á bílnum. Taldi vitnið, að ákærði hefði farið frá heimili vitnisins fyrir miðnætti og hafi farið gangandi. Vitnið kvaðst muna eftir þessu, vegna þess að ákærði færði það í tal við sig nokkrum dögum seinna, að lögreglan hefði haft afskipti af ákærða og borið á hann að hafa ekið bifreiðinni.

Með samhljóða framburði tveggja lögreglumanna verður gegn neitun ákærða að telja sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni R 64343 sviptur ökuréttindum, eins og í ákæru greinir, og breytir framburður vitnisins Jóns Hauks Jenssonar engu þar um, enda fór ákærði af heimili vitnisins rúmlega klukkustund áður en lögreglan hafði afskipti af honum.

Brot ákærða er í ákæruskjali rétt fært til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1970 14/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1973 5/1 í Reykjavík: Sátt, 14.000 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. laga nr. 82/1969 og 60. og 61. gr. laga nr. 59/1969.
- 1974 21/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21/5 1974.
- 1979 26/11 í Reykjavík: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 13/11 1979.
- 1980 17/1 í Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, kr. 150.000.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Pétursson, greiði 300.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 150.000.